



---

## Bréfa- og málasafn 1960

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dóms- Heilbrigðis- og lðnaðarmálaráðherra – Björn Björnsson –  
Jóhannes Bjarnason – Thor Thors – Karl Kristjánsson – *Politiken* – Kvittun – Miðar

---

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-26, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Almennar stjórn málaumræður (útvarpsumræður), 31. maí 1960.

Karl Kristjánsson.

.....Félagsleg uppbygging og almenningssamtök hérlendis eru svo sterk og svo nátengd gróanda þjóðlífsins, að allar ríkisstj. verða nú orðið að leitast við að samhæfa sig og störf sín þeirri þróun. Að ætla að ganga í berhögg við hana með einræði og ofstjórn, eins og núv. ríkisstj. gerir, er ofviða fyrir hvaða stjórn sem væri. Vinstri stjórnin gerði sér grein fyrir þessu og leitaði samstarfs við samtökin. Með því leitaði hún auðvitað ekki aðeins samvinnu við sína stuðningsmenn, heldur út fyrir hina pólitísku stuðningsflokka sína, af því að sjálfstæðismenn eru vitanlega í þeim samtökum. Og það var rétt.

Stjórnartíð vinstri stj. var tímabil gróanda, af því að sú stjórn starfaði með, en ekki á móti félagsmálahreyingunum. Þá blómgaðist atvinnulíf og framfarir í sveit og við sjó. En almenningur skildi ekki nógu vel sinn vitjunartíma, og verkalyðurinn hætti að veita stj. nauðsynlegan stuðning, lét æðisgengna stjórnarandstöðu trufla sig. Síðan hefur ýmislegt gerzt og kalstefnustjórn komizt til valda, sem fer öfugt að. Eitthvað þurfti að gera, segir hún. Hvað átti að gera? -Jú, víst þurfti eitthvað að gera. Allvondar snurður þurfti að strjúka að þræði. Við framsóknarmenn bentum á í vetur, að það væri hægt að gera án mikils sársauka fyrir þjóðina, ef allir flokkar tækju höndum saman til þess og ekki væri horfið frá stefnu vors og gróanda.

Hermann Jónasson lýsti í gærkvöld efnahagsmálatill. okkar, og í vetur lögðum við til, að skipuð yrði n. 2 fulltrúa frá öllum flokkum til þess að semja samkomulagstill. í efnahagsmálunum. Stjórnarflokkarnir vildu ekkert slíkt samstarf hafa á Alp. og leituðu heldur einskis samstarfs við almenning, en settu sína grófu efnahagsmálalöggjöf í trássi við allt og alla með hroka og sjálfbirgingshætti. Stj. lét þingið hætta störfum í nærri 2 mánuði, rak menn sinna eigin þingflokka utan af landi heim eins og krakka, sem sagt er að fara frá, svo að þeir tefji ekki fyrir, heimtar svo eftir hléið, að þeir greiði atkv. með öllu, sem hún leggur fyrir þingið, þó að það brjóti í bág við



velfarnað héraða þeirra.

Ekki ómerkari maður en hæstv. núv. dómsmrh. sagði í þingræðu árið 1957 orðrétt þetta, með leyfi hæstv. forseta: "Fá eða engin mál eru nú rædd meira hér á landi né hafa verið heldur en hin svokölluðu efnahagsmál og sá vandi, sem að steðjar í þeim. Hvaða úrræði sem menn telja þar vænlegust eða hverjar orsakir sem menn telja vera að þeim örðugleikum, sem við er að etja, þá er það víst og að því er ég hygg óumdeilanlegt, að við þennan vanda verður ekki ráðið, nema skilningur alls almennings á bæði orsökum og úrræðum sé fyrir hendi. Eg veit ekki um neitt málefni, sem síður stoði að löggjafinn einn, Alp. og ríkisstj., taki ákvarðanir um, ef þær styðjast ekki við glöggan skilning alls almennings á nauðsyn þeirra aðgerða, sem hverju sinni eru ákveðnar. Án slíks skilnings kann að vísu að vera hægt að gera ýmiss konar bráðabirgðaráðstafanir, en ef þær eiga ekki þegar í stað að reynast haldlitlar, verða þær að hafa stoð í öflugum almenningsáliti."

Af þessum orðum Bjarna Benediktssonar má öllum ljóst vera, að hann er þar nákvæmlega á sömu skoðun og fólst í till. okkar framsóknarmanna um nauðsyn samstarfs að úrlausnum efnahagsmálanna. "Eg veit ekki um neitt málefni" segir ráðherrann, "sem síður stoði að löggjafinn einn, Alp. og ríkisstj., taki ákvarðanir um, ef þær styðjast ekki við glöggan skilning alls almennings." Hér er rétt ályktað og ákveðið talað.

En einmitt þetta þrjóskaðist ríkisstj. við að gera. Hún og flokkar hennar tóku sínar byltingarkenndu ákvarðanir og settu harkaleg l. gegn vilja almennings og andstætt skilningi hans. Um það votta hin mörgu mótmælabréf, sem Alp. hafa borizt. Síðasti fundur L.Í.Ú., nýafstaðin ráðstefna Alþýðusambandsins og maðurinn á götunni. Hæstv. dómsmrh. hefur fyrirfram kveðið upp dauðadóm yfir efnahagsmálaaðgerðum ríkisstj. Sá dómur hans er réttur og honum verður ekki hnekk.

Mannkynið allt stefnir að meira og meira jafnrétti og bræðralagi, þó að afturkippir komi við og við. Íslendingar eru framarlega í þessum efnunum, þrælalag kemur hér aldrei aftur, hjúahald í hinni gömlu merkingu er úr sögunni, yfirstétt og undirstétt tilheyra liðnum tíma. Hin félagslega menning og félagslega hagþróun, sem stefnir að því að gera alla að minnsta kosti bjargálna og frjálssa um leið, í beztu merkingu þess orðs, er það afl sem héðan af verður ekki bugað á Íslandi. Nazismi og línukommúnismi geta tafið fyrir um stundarsakir en ekki meira.

Alagastjórnin, sem nú situr, og ráðið hefur á þessu þingi, spillir gróanda þjóðlífsins eins og kal spillir grund á vondu vori. En grundin grær aftur. Athafnasöm þjóð og framsækin plægir kalsvæðin og sáir í þau; Því fyrr því betra.



af þessu verki hafi allstadar verið vel  
tekið og manningargildi þess fyrir  
mildurmiðlið talið mistið.

nummali mun  
mun og blöðum,  
1955, híl  
sidan  
rduligam  
i  
telur

3L

af  
61

Einkabreyf



ARE YOU ONE  
NEW VOTERS



1960

Herra

Dóms meðlasíð herra

Þjarni Benediktsson

Stjórnarráðið

REYKJAVIK,

ICELAND.

Simi Park  
Hvø 1968

43<sup>5</sup> DOVER STREET  
Piccadilly  
London W.1.

H. d. n. m. a. l. e. l. u. v. s.  
Bjarni Benediktsson  
Reykjavík.

Simi 26. nov. 1960.

Gæðingur,

Vandaði  
Kringlufone Keuslepáttar  
í Íslandslit.

Þú hefur gefið mér tilkennu í verk,  
að senda myndir til Alþingis, til  
framtíðar mínar, vegna undirskriftar  
útgáfu þessa Keuslepáttar, en laund er  
þess vel kunnur.

Meðan á línu langþróaðar starf  
mínar stöð (12 ár) var þú oft vitund að  
mínar af minnum heima, að þú ætli að  
sækja um fjárfyrir frá Alþingi til  
hjálpar línum miklu útgjöldum mínum,  
en verk þetta væri mikils virði fyrir  
Ísland, í alla stöð.

Þú færst betra að línu, þar til  
verkinu væri lokid og þú að sjá gildi þess.  
Þú held, að mér sjá óhætt að segja,

ad þessu verkni hafi allstadað verið vel  
tekið og meiningargildi þess fyrir  
þjóðina og miðurnáttíð talid mikild.

Fyrir utan mjög löfvanleg ummáli min  
perman kenningar, bæði í radum og blöðum,  
er við vörum á Íslandi sumarið 1955, til  
ad afleuda fyrstu 3 einstökum, lofar síðan  
öft verið minnst á laun á virðulegum  
hátt, en mið síðast, meira ad segja, í  
Þjóðviljanum, p. 12. okt. 1960, sem telur  
þetta "lítið þarfatar framfar" o.s.fv.

Nú hef þú tekið látið verða af  
þú, ad senda umrættu min styrk, til  
Alþingis (Hættisráðgjafar).

Ég þú sjúki þjer fast, ad þú  
þessu máli fylgi þótt, á þann hátt,  
sem þú telur við eigaund, gjördir þú  
myr í metan legum greida.

Mið best kveðjum

þinn vinlaun

Þórunn Þorunnsdóttir





FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA  
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 · PÓSTHÓLF 1407 · SÍMI 24473

Reykjavík, 9. marz 1960.

*Afrit.*

Iðnaðarmálaráðuneytið,

Reykjavík.  
-----

Hinn 26. febrúar sl. rituðum vér ráðuneytinu bréf varðandi samkeppnisaðstöðu skóíðnaðarins með tilliti til þess, að ráðgert er, að leðurskór verði á frílista frá öllum löndum.

Hér með sendum vér ráðuneytinu tillögur til breytinga á tollskránni og innflutningsgjaldi, sem miða að því að bæta aðstöðu þessa iðnaðar.

Í tillögunum er aðallega lagt til, að tollar á efnivörum til skóframleiðslu verði lækkaðir, en jafnframt er einnig lagt til, að aðflutningsgjöld á leðurskóm verði hækkuð nokkuð, en vér teljum það nauðsynlegt, til þess að tryggja möguleika þessa iðnaðar til að keppa við erlenda framleiðslu.

Sjái ráðuneytið sér eigi fært að beita sér fyrir umræddum breytingum, leggjum vér eindregið til, að leðurskór verði eigi settir á frílista nú.

Virðingarfyllst,  
Félag ísl. iðnrekenda



28/2/60

Hr. dómsmálaráðgjafi Bjarni Benediktsson.

Hisumet hefi ég mið að senda yður  
einbök af opinágerð e. ég var tilbúinn  
að flytja á aðalfundi Skuldavörðingjanna 9/2,  
en hefti við samkvæmt beiðni.

Vengja þess að ég hef áður rætt tilfálshalla  
við yður þessu máli við ég gefa yður  
talið þessu til að tryggja þessu máli  
námið, ef minja verkungráttuþingunni  
og þessu störfelldu fjárfestungráttuþingunni  
skuldu komu til umræðu hjá ríkisstjórninni.  
Þessi gætt þess séð þessu þessu máli  
öllum hefti umræðuþingunni, og þessu  
máli við vori að þessu máli i  
slika framfarandi á þessu grundelli,  
sem umræðuþingunni hefti.

Uthið vinnandi og vinnandi

Johann Þannar





"NEFNDARÁLITIÐ", NÝJA VERKSMÍÐJAN O.F.L.

Á síðasta aðalfundi Áburðarverksmiðjunnar h/f þann 14. apríl 1959, flutti ég ádeilu á framkvæmdastjóra fyrirtækisins, þar sem ég gagnrýndi ýmis atriði í stjórn hans undanfarandi ár.

Fundurinn kaus nefnd þriggja manna til þess að kynna sér gagnrýni mína og gefa skýrslu um málið.

Skýrsla þessi liggur nú fyrir og hef ég yfirfarið hana. Skýrslan staðfestir í öllum aðalatriðum gagnrýni mína á rekstrinum og sýnir, að þau atriði, er ég átalði sérstaklega, hafa öll átt sér stað.

Ég get verið fáorður um skýrslu þessa, því að hún skýrir sig að mestu leyti sjálf.

Í sumum tilfellum vill nefndin, eða sumir nefndarmanna, dreifa ábyrgðinni á mistökunum á fleiri aðila en framkvæmdastjóranum einan. Það verður þó að líta þannig á, að höfuðábyrgðin hvíli á framkvæmdastjóranum, sem á að annast daglegar framkvæmdir þessara mála. Og vissulega getur ábyrgðin ekki hvílt á mönnum eins og Ingólfi Jónssyni, sem ofbauð svo framferði framkvæmdastjórans, að hann ráðlagði honum að segja af sér, enda þótt hann sinnti ekki þeirri ráðleggingu, og síðar, er framkvæmdastjóri hélt uppteknum hætti, lagði hann fram formlega tillögu, er gekk í þá átt, að framkvæmdastjóri viki úr starfi. Né heldur getur ábyrgðin hvílt á Kjartani Ólafssyni, sem flutti tillögu um að segja framkvæmdastjóra upp starfi, enda þótt tillögur þeirra Ingólfs og Kjartans hafi ekki náð fram að ganga.

Þeir hafa því báðir gert hreint fyrir sínum dyrum á óstjórn framkvæmdastjóra undanfarin ár og geta vart talizt bera ábyrgð á framkvæmdastjóra, sem þannig er þröngvað upp á þá.

Þá er það eitt atriði, sem ég get ekki látið hjá líða að minnst á, vegna þess hve þýðingarmikið það er, en nefndin gerir lítil eða engin skil í skýrslu sinni.

Það er varðandi umsagnarbréf það, er Van Ness gaf 7. sept. 1944, samkvæmt beiðni frá stjórn verksmiðjunnar, en framkvæmdastjóri stakk undir stól, þótt upp hafi komizt um síðir.



Þetta verk framkvæmdastjóra var svo gróf móðgun við mig persónulega, að yfir það grær ekki, og ég vil fullyrða það, að ekki myndu allir stjórnarnefndarmenn fyrirtækja gefa trúnaðarmanni sínum tækifæri til að ljúga af ásettu ráði að sér oftast en einu sinni.

Ádeilu mína á framkvæmdastjórnann kom ég með vegna þess, að í samstarfi mínu við hann undanfarin ár hef ég sannfærzt æ betur um það, að hann sé ekki því starfi vaxinn að stjórna hinum daglega rekstri fyrirtækisins, eins og þau fáu dæmi, er ég tók, sýna glögg.

En þó reið það baggamuninn að ég kom með ádeilu þessa, að í undirbúningi er að byggja hér nýja verksmiðju til framleiðslu á fosfór og blönduðum áburði, sem nú er áætlað að kosta muni yfir 50 milljón kr. Þessum undirbúningi hefur framkvæmdastjóri stjórnað undanfarin ár að verulegu leyti.

Ég lýsti því nokkuð í ádeilu minni á síðasta aðalfundi, hvernig hann stjórnaði undirbúningi leirverksmiðjunnar og hvaða afleiðingar það verk hans hafði. En eins og menn minnst þá undirbjó hann þá verksmiðju með pukri og leynimakki og keypti síðan inn verksmiðjuna með hinum óvenjulegasta hætti, en verksmiðjan síðan staðið ónothæf síðan byggingu hennar lauk fyrir 4 árum.

Undirbúningur hans á nýju verksmiðjunni fyrir fosfór og blandaðan áburð hefur verið slíkur, að hann minnir að mörgu leyti á undirbúning hans að leirverksmiðjunni, og vildi ég gera það, sem hægt var, til þess að stöðva hann í að fara eins með það mál.

Í gagnrýni minni á aðalfundinum vék ég að þessu, en rökstuddi það ekki nánar, til þess að hafa ekki mál mitt of langt. En er málið var komið til rannsóknarnefndar samdi ég stutta greinargerð, þar sem ég lýsti vinnuaðferðum Hjálmars Finnssonar við undirbúning nýju verksmiðjunnar og sendi nefndinni. Því þykir mér það miður, að nefndin skuli ekki hafa tekið þessa greinargerð mína með í rannsóknarstörfum sínum, eins og önnur málsskjöl, sem fram voru lögð, því að mínum dómi er greinargerð þessi eitt af þýðingarmestu skjölum, sem fram voru lögð.

Í greinargerð þessari rakti ég lauslega, hvernig Hjálmar hefur frá upphafi stjórnað undirbúningi að byggingu nýju verksmiðjunnar.

Minnti ég á, að Hjálmar, þessi algerlega ótæknifróði maður, fór til Frakklands sumarið 1956 (án fenginnar heimildar og vitundar verksmiðjustjórnarinnar) til viðræðna við fyrirtæki um hina fyrrnefndu há-tæknilegu verksmiðju.



Áður en hann fór, hélt hann engan fund um málið með verkfræðingum verksmiðjunnar, og öðrum verksmiðjustjóranum (mér að minnsta kosti) var ókunnugt um ferðina fyrr en eftir á, og engar upplýsingar fékk ég um, hvað framkvæmdastjóri ræddi við fyrirtækið.

Ég rakti hvernig Hjálmar hefur alltaf reynt að pukrast með undirbúning málsins, og um það geta fleiri verkfræðingar verksmiðjunnar en ég eflaust borið. Slíkt er málum aldrei til góðs, því að betur sjá augu en auga.

Ég gat þess, að í ágúst 1958 kom hingað sérfræðingur á vegum verksmiðjunnar til athugana varðandi byggingu verksmiðju til framleiðslu blandaðs áburðar. Gerði hann áætlanir um fimm mismunandi aðferðir til framleiðslunnar. Komst hann í skýrslu sinni að þeirri niðurstöðu, að ein viss aðferð yrði okkur ódýrust. Er það aðferð, er fyrirtækið Auby í Frakklandi hefur einkaleyfi á og notar í verksmiðjum sínum, en þetta er stærsti framleiðandi blandaðs áburðar í Frakklandi.

Síðan liðu margir mánuðir og framkvæmdastjóri réri öllum árum að því, að byggingaframkvæmdir við verksmiðjuna hæfust á s.l. vori. Leyfi voru fengin til að hefja framkvæmdir og gefið var til kynna, að háfízt yrði handa í júní s.l., eða jafnvel fyrr.

Þóttu mér vinnuaðferðir framkvæmdastjóra harla einkennilegar, og benti ég því stjórn verksmiðjunnar bréflaga, í janúar 1959 og aftur í maí 1959, á, að ég teldi að málið þyrfti nánari athugana við og að óvarlegt væri að fara að semja um framkvæmdir áður en málið væri frekar rannsakað og meiri upplýsinga aflað.

Þá tók stjórn verksmiðjunnar í taumana og var mér og verksmiðjustjórá falið að fara til Evrópu og athuga málið betur.

En hvað kom þá í ljós?

Framkvæmdastjóri hafði ekki fram að þeim tíma haft neitt samband við það fyrirtæki, sem fosfórverksmiðjusérfræðingur Áburðarverksmiðjunnar taldi hentugast fyrir okkur, enda þótt þá væru liðnir 10 mánuðir frá því að hann hafði verið hér.

Er við ræddum við þetta fyrirtæki í París í júní s.l. virtist strax ljóst, að fosfóráburðarsérfræðingur Áburðarverksmiðjunnar hefði haft á réttu að standa, sem ekki ætti að vera undrunarefni. Enda kom það á daginn, að þetta fyrirtæki bauð verksmiðju, sem var bæði mun ódýrari í stofnkostnaði og framleiðslukostnaði en aðrir höfðu boðið áður.



Þessar ábendingar mínar og nýjar athuganir á málinu urðu til þess, að vélakostnaður til verksmiðjunnar gat lækkað um 4-5 millj. króna eða um nálega 20%, og annar kostnaður um 5 milljónir til viðbótar.

Enda voru byggingaráform framkvæmdastjóra aðeins miðaðar við tilboð frá einu fyrirtæki, á sama hátt og hann hafði hagað sér í leirverk-smiðjumálinu.

En þegar komið var í ljós, að önnur fyrirtæki voru með ódýrari verksmiðju, þá gat allt í einu fyrirtækið, sem mest kapp hafði verið lagt á að semja við, lækkað sig um nokkrar milljónir krónur eða um nærri fjórðung.

Síðan segir í greinargerð minni :

Nú er eðlilegt að spurt sé, til hvers hafi verið fengin fosfóraburðarsérfræðingur til Íslands og látinn þæla í því að gera áætlanir og skýrslur ?

Er þetta aðeins gert til gamans ?

Las framkvæmdastjóri ekki yfir skýrslu hans ?

Fóru ráðleggingar sérfræðingsins líka alveg framhjá Hjálmari þennan hálfu mánuð, er hann sat yfir honum hérna heima ?

Er það gjört af ásettu ráði að sniðganga svo gjörsamlega tillögu hans, að ekki er einu sinni haft samband við það fyrirtæki, er hefur einkaleyfi á aðferðinni, sem sérfræðingurinn mælir með ?

Það er ekkert nýtt, að Hjálmar hundsi skriflegar ráðleggingar mínar, en hér leyfir hann sér einnig að hundsa ráðleggingar þessa erlenda sérfræðings, er hingað var fenginn gagnert í þessu augnamiði.

Ég er ekki að halda því fram, að við eigum að fara blint eftir ráðleggingum erlendra sérfræðinga, því að þeir sjá hlutina með útlendum augum og koma oft ekki auga á þá hluti, sem kunnugir Íslendingar sjá. En okkur ber vissulega að athuga gaumgæfilega tillögur þeirra. Það er það minnsta sem hægt er að ætlast til.

Ég vil taka það hér skýrt fram, að ég er hér ekki að deila á starfsbróður minn, Runólf Þórðarson, sem framkvæmdastjóri hefur einkum leitað til um ýmsar verkfræðilegar upplýsingar.

Runólfur er vel menntaður og fær verkfræðingur og eru áætlanir hans vel verkfræðilega unnar, miðað við þær forsendur, er hann gengur út frá. En það er hin viðskiptalega hlið málsins og hliðin út á við, sem ég er að áfella og aðferðir framkvæmdastjórans og málsmeðferð hans.



GAMLA VERKSMIÐJAN

En meðferð framkvæmdastjórans á leirverksmiðjunni og nýja verksmiðjumálinu eru ekki einu ástæður mínar fyrir því, að ég óttaðist um meðferð þessa máls.

Þetta fyrirtæki hefur áður brennt sig illa á því, að ekki var sinnt ráðleggingum sérfræðinga, sem vel voru kunnugir málavöxtum.

Verksmiðja sú, er hér hefur nú verið starfrækt um 6 ára skeið, var mörg ár í undirbúningi. Við undirbúning hennar lögðu margir vel færir og þekktir erlendir og innlendir sérfræðingar hönd á plóginn. Var verksmiðjumálið því orðið vel tæknilega undirbúið.

Er Marshallstofnunin samþykkti að veita efnahagsaðstoð til verksins 29. des. 1950, lágu fyrir ákveðnar tillögur um fyrirkomulag verksmiðjunnar og hvaða sérfræðingum væri ráðlegast að fela framkvæmdirnar. Komu þær tillögur fram í skýrslu dagsettri 8. des. 1949 frá Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra, Eiríki Briem rafmagnsveitustjóra og mér.

Hafði atvinnumálaráðherra falið okkur að athuga málið.

Var þar lagt til, að samið yrði um framkvæmdirnar við eitt þekktasta fyrirtæki heims á því sviði, Chemical Construction Corp. í New York, en það firma hafði unnið að undirbúningi málsins árum saman með Íslendingum og aðstoðað við áætlanagerðir fyrir Marshallaðstoðina. Var því verkfræðingsfirma þetta gjörkunnugt málinu og öllum aðstæðum, Enda kemur fram í tilkynningu Marshallstofnunarinnar um efnahagsaðstoðina, 29. des. 1950, að þar er gengið út frá því, að þetta fyrirtæki muni vinna verkið.

En þessum ráðleggingum var ekki sinnt, heldur var verkið falið mönnum, er voru undirbúningi verksins og málinu í heild ókunnugir, en það voru aðilarnir C.O. Brown og fyrirtækið Singmaster & Breyer.

Þetta kann að hafa verið gjört í góðri meiningu, en staðreyndirnar eru þær, að í höndum þessara manna varð verksmiðjan að ýmsu leyti stórgölluð og hefur það orðið verksmiðjunni afar dýrt og enn er ekki séð hvernig úr sumu verður bætt.

Þessir aðilar hafa og orðið uppvísir að alvarlegum svikum við verksmiðjuna, sem þegar hafa kostað hana mikið fé.

Til þess að skýra mál mitt frekar, vil ég fyrst lesa hér bréf,

Approved \_\_\_\_\_ Date \_\_\_\_\_

① THE CHEM. CONSTRUCTION CORP. N.Y.C.  
X ② BOUGHT FROM ELECTRIC HEATING EQUIP. CORP. PHIL. US



er ég skrifaði stjórn Áburðarverksmiðjunnar 2. marz 1959.

Það hljóðar svo :

"Til stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h.f.  
hr. bankastjóri Vilhjálmur Þór, formaður,  
Reykjavík.

Þann 9. janúar s.l. skrifaði ég stjórninni bréf, þar sem ég vakti athygli hennar á alvarlegum göllum Kjarna áburðarins, sem valda bændum bæði erfiðleikum og tjóni. Hafa gallar þessir nú nýlega einnig verið til umræðu á búnaðarþingi.

Í fyrrnefndu bréfi benti ég á, hversu mikið vantar á, að verksmiðjan framleiði áburð af þeim gæðum, sem ráðunautar þeir, er teiknuðu verksmiðjuna, lofuðu í samningunum um verksmiðjuna, og að full ástæða væri til að taka þessi mál upp við ráðunautana og gera það, sem hægt væri, til þess að notendur áburðarins verði ánægðir með hann, og láta ráðunautana standa ábyrga fyrir gerðum samningum.

Í framhaldi af umræddu bréfi mínu vil ég nú benda stjórn verksmiðjunnar á mjög alvarlegan hlut, er ég nýlega komst að, varðandi ráðunauta verksmiðjunnar og hluti, sem nú er ljóst, að þeir gerðu, er verið var að kaupa tæki til verksmiðjunnar.

Í febrúar 1957 benti ég stjórn verksmiðjunnar á það í skýrslu minni um "Yfirlit yfir rekstur verksmiðjunnar árið 1956", að ending vetnisvinnslutækja verksmiðjunnar hefur reynzt mjög léleg og viðhaldskostnaður þeirra afar hár og geysimiklu hærri en ráðunautarnir Singmaster & Breyer sýndu í skýrslu til Marshallstofnunarinnar, dagsettri 24. og 25. júlí 1951, um það leyti, er verið var að kaupa tækin.

Í þessari skýrslu segja ráðunautarnir Marshallstofnuninni, að það muni verða Áburðarverksmiðjuni um kr. 3 milljónum dýrara að kaupa þessi tæki og um kr. 100.000 dýrara á ári að reka þau, heldur en þau tæki, sem boðin voru í lægsta tilboðinu. Þó hafði framleiðandinn og seljandinn gefið upp, að reksturskostnaðurinn (og þó einkum viðhaldskostnaðurinn) yrði enn hærri en gefið er upp í skýrslunni til Marshall.

Nú liggja fyrir endanlegar niðurstöður hjá bókhaldi verksmiðjunnar yfir viðhaldskostnað þessarar verksmiðjudeildar fyrir árið 1958, og sýna þær, að enn hefur viðhaldskostnaður hennar aukist mjög.

Samkvæmt upplýsingum, er ég hef áður fengið frá bókhaldinu, reyndist viðhaldskostnaður þessarar deildar árið 1956 kr. 337.397,20, árið 1957 kr. 413.133,03, en mér hefur verið neitað um upplýsingar frá bókhaldinu um töluna fyrir árið 1958. En augljóst er, að hún er allmiklu hærri en áður, sem sjá má m.a. af því, að árið 1957 voru endurnýjaðar 23 svokallaðir toppar, en árið 1958 voru þeir 35, og er það allgöður mælikvarði um, hve viðhaldið fer vaxandi.

Þessar tölur eru allar geysimiklu hærri en gefið var upp í fyrrnefndri skýrslu til Marshallstofnunarinnar.

Er ég var að velta fyrir mér þessum háa og síhækkandi viðhalds-



kostnaði, fór ég að athuga plagg, er mér hafði fyrir skömmu borizt í hendur og ég hafði ekki áður séð. Plagg þetta er ljósmynd af samanburðarskýrslu um þessi sömu tæki, samin af dr. C.O. Brown, ráðunaut, og dagsett 10. júlí, eða í sama mánuði og Singmaster & Breyer sendu skýrslu sína til Marshallstofnunarinnar.

Af þessum plöggum má sjá, að þau hafa nú aftur verið send hingað skömmu eftir að ég vék að þessum málum í skýrslu minni yfir rekstur verksmiðjunnar árið 1956.

Þetta plagg eftir Brown er svo gjörsamlega ósamhljóða skýrslunni, sem send var til Marshall, að stórfurðulegt er, sérstaklega þegar þess er gætt, að þessir tveir aðilar voru að vinna saman.

Plaggið frá Brown er greinilega mjög rangt, og virðist augljóst, að það hafi vísvitandi verið þannig gert.

Úr tæknilegu, tölulegu dæmi getur ekki verið nema ein rétt útkoma.

Virðist mér ekki ósennilegt, að þetta plagg sé ástæðan fyrir því, að Áburðarverksmiðjan var hlunnfarin um milljónir króna í upphafi og bundinn framtíðarbaggi vegna hins háa reksturskostnaðar tækjanna, sem keypt voru.

Einhverja ástæðu mun stjórn Áburðarverksmiðjunnar hafa haft, er hún samþykkti kaupin, er voru svo stórlega óhagstæð fyrir verksmiðjuna miðað við annað, sem í boði var.

Sú sýpur verksmiðjan svo illilega seyðið af þessu, því eins og fyrr segir kostar það hana svo hundruðum þúsunda króna skiptir í viðhaldi árlega, að halda tækjum þessum gangandi.

Sumir stjórnarmenn munu ef til vill minnst þess, að ég skrifaði stjórninni frá New York í júlí 1951 og benti á hinn mikla mun á þessum tveim tilboðum og gerði samanburð á innkaupa- og reksturskostnaði þessara tveggja verksmiðjugerða og komst þar að svipaðri niðurstöðu og ég sé nú, að verkfræðingar Singmaster & Breyer hafa þá komizt að.

Hér virðist vera um svo alvarlegt mál að ræða, að nokkur ástæða sé til að þetta verði rannsakað til hlítar, og helzt áður en endanlega verður gert upp við ráðunautana, ef hægt yrði að gera þá ábyrga, og allavega að fá mál þetta upplýst.

Fylgja hér með ljósmyndir af aðalsamanburðarblöðum þessara tveggja samanburðarplagga ráðunautanna, en þess skal getið, að auk þess eru til skýringarbréf og fleiri gögn, sem fylgdu, og eru þau álíka ósamhljóða.

Þessu tel ég mér skylt að skýra stjórn verksmiðjunnar frá, þar sem upplýsingarnar í umræddum plöggum komu mér mjög á óvart, og ekki sízt vegna þess, að vart getur hugsazt, að öllu lengur verði látið dragast, að gert verði endanlega upp við ráðunautana á einn eða annan hátt.

Virðingarfullst,

Jóhannes Bjarnason (sign.)"



Skjalit sem Marshallstofnunni var sent

SINGMASTER & BREYER

JOB 194  
JULY 24, 1951

COMPARATIVE DATA FOR ELECTROLYTIC HYDROGEN PLANT  
FOR THE FERTILIZER PLANT, INC., IN ICELAND

	GERMAN BAMAG	CHEMICAL CONSTR.	ELECTRIC HEATING [KENT]	BRITISH BAMAG	AIR PRODUCTS INC.	
<b>I CAPITAL COST</b>						
CELLS	555000	} 774500	} 695000	761800	} 4280100	
ACCESSORIES	22000					(SPARE PARTS) 28000
BUS BARS	18000					8520
ERECTION COST	78955	46210	43940	76455	+	
ERECTION SUPERVISION	4600	3820	4000	5820	+	
BUILDING	175970	352100	255400	330000	+	
SUB TOTAL	854,525	1,176,630	998,340	1,210,595		
START UP MATERIAL	(KOH) 35480	(NaOH) 12000	(KOH) 84000	(KOH) 71600		
START UP SUPERVISION	1500	6550	6550	2910		
TOTAL	891,505	1,195,180	1,088,890	1,285,105	← BASIS OF COMPARISON	

Mismunurinn á upphaflegum kostnaði um 3.2 milj. króna

**II OPERATING COST PER MILLION CUBIC FEET OF HYDROGEN [AVERAGE 1.708 × 10<sup>6</sup> FT<sup>3</sup> H<sub>2</sub> / DAY]**

A DIRECT COST	GERMAN BAMAG	CHEMICAL CONSTR.	ELECTRIC HEATING	BRITISH BAMAG
CAUSTIC MAKEUP	(KOH) 10.-	(NaOH) .99	(KOH) 9.24	(KOH) 10.-
POWER	109.64	105.24	98.44	107.44
FEED WATER	1.13	1.26	.98	1.13
COOLING WATER	5.55	4.30	2.68	3.86
LABOR	14.-	14.-	14.-	14.-
MAINTENANCE	5.18	10.10	8.97	6.90
TOTAL DIRECT COST	145.50	135.89	134.31	143.33
<b>B FIXED COST</b>				
DEPRECIATION	73.40	98.50	89.45	105.40
INTEREST	22.-	29.55	26.80	31.65
TOTAL FIXED COST	95.40	128.05	116.25	137.05
TOTAL OPERATING COST	240.90	263.94	250.56	280.38 ← BASIS OF COMPARISON

Mismunurinn á árlögum reksturkostnaði um 95.000 kr.



Skjalid sem Brown sendi til Islands

CHARLES OWEN BROWN  
CALCULATION SHEET  
PROCESS-RATING-ESTIMATING-GENERAL

Page No. H-67  
Preliminary \_\_\_\_\_  
Final SUMMARY  
Item REVISED  
Date JULY 10 50

Client The Fertilizer Plant Location \_\_\_\_\_ J. O. No. 222 Date JULY 10 50  
Subject or Apparatus COMPARISON OF BIDS Project No. \_\_\_\_\_  
Based on HYDROGEN CELLS. Date \_\_\_\_\_ By C.O.B.

ITEM.	BAMAG GERMANY	BAMAG LONDON	C.C.C.① N.Y.C.	TRAIL② CANADA
NUMBER OF CELLS.	804	128	612	360
COST - f.o.b. PORT.	\$535000	\$791000	\$793000	\$695000
TOTAL OF "EXTRAS" AND HARMONIZING ITEMS 24 TO 43	238195	126135	119480	153632
BUILDINGS - 30¢/C.F.	92925	142200	1,53900	83280
CELL FOUNDATIONS - \$45.00/C.Y.	9450	10400	NG	NO
TOTAL COST - ITEMS 8-13.	\$875570	1069735	1066380	\$931912
POWER SAVINGS TRAIL CELL OVER BAMAG (GER). 11130000/KWH. POWER COST 2.0 OVER = \$.00121/KWH \$ SAVED/YR = \$13442 " COST IF CAPITALIZED AT 5% = \$268840.	\$268840	NOT COMP	NOT COMP.	\$0
<u>TOTAL COMPARED COST</u>	<u>\$1,144,410</u>			<u>931,912</u>
EXTRAS -				
COST OF ICE LANT - BAMAG Cell, NOW IN LONDON @ 1/2 ORIGINAL COST	93120	NOT NEED	NOT NEED	NOT NEEDED
DISTILLED WATER EQUIP.	0	0	0	\$5587
BAMAG CONTRACT EXTRAS 1-7 + 15C	51200	750	0	0
DISTILLED WATER TANK		3500	3500	3500
ALKALI DISOLVING TANK	0	0	0	170
EXTRA COST 181.2 TONS KOH vs NaOH	0	0	36240	0
ELECTROLYTE STORAGE TANK	850	850	200	200
ALKALI COOLING WATER TO CELLS	0	0	10800	0
" KOH	59100	77500	36240	137000
HEAVY HOIST	1550	1550	0	0
GAS SEAL POTS	625	625	?	625
GAS PIPING - CELLS TO BLOWERS	450	450	0	0
" HEADER SUPPORTS	1000	1110	0	1400
POWER WIRING	150	150	0	150
ANALYTICAL APP.	0	0	1000	0
SPARE PARTS - MANUF. RECOMM'D	24500	28000	8000	5000
SUPERVISION OF ERECTION	11650	11650	23500	0
TOTAL OF AUX. ITEMS (24 TO 42)	238195	126135	119480	153632

*Utkoman þvír ofug við það sem Marshallstofnunin var sagt og allt aðrar bátur sjúndar og storum reksturkostnaðarhjúsum sleppt.*

Copy to \_\_\_\_\_ Date \_\_\_\_\_ Checked \_\_\_\_\_ Date \_\_\_\_\_ Approved \_\_\_\_\_ Date \_\_\_\_\_  
Revisions. ① THE CHEM. CONSTRUCTION CORP., N.Y.C.  
② BOUGHT FROM ELECTRIC HEATING EQUIP. CORP., PHIL. USA.



## Fylgiskjal

Samanburður á nokkrum liðum í skjalinu sem sent var Marshall stofnuninni og skjalinu, sem Brown sendi til Islands, svo og fölum sem seljandinn (Kent) gaf upp með tilboði sínu.

Víðhaldskostnaður, sem Singmaster & Breyer gefa upp í skýrslu til Marshallstofn. \$ 8.97 pr. 1 milj. cu ft. Metál framleiðsla á sólarhring 1.7 milj. cu ft.

Víðhaldskostn. á dag því  $8.97 \times 1.7 = \$ 15.30$

Árs víðhaldskostn.  $355 \times 15.30 = \$ 5400$  eða kr. 88.000. -

Víðhaldskostn. sem Kent gaf upp til S+B og Brown \$ 26.90 pr. 1 milj. cu ft. eða á dag  $26.90 \times 1.7 = \$ 45.70$   
Árs víðhaldskostn frá Kent  $355 \times 45.70 = \$ 16.200$  eða kr. 265.000

Árs víðhaldskostn gefinn upp í skýrslunni því  $26.90 \times 1.7 = 45.70$   
krónum lagði en seljandinn gaf upp.

Sæmku. skýrslunni til Marshall er reksturkostn.

Trail sellanna hærri en Bamag sem nemur

$250.56 - 240.90 = \$ 9.66$  / pr. 1 milj. cu ft.

eða árlegur reksturkostn.  $9.66 \times 1.7 \times 355 = 595.00$  kr hærri.

Rafmagnsnótkun skv. skýrslunni til Marshall er Bamag hærri sem nemur  $109.64 - 98.44 = \$ 11.20$  pr. milj. cu ft eða árs rafmagnsnótkun  $11.20 \times 1.7 \times 355 = \$ 6800$  hærri

en í sínu pluggi segir Brown hann \$ 13440 hærri samt segjast S+B meta rafmagnstölur Browns.

Ílla ber saman byggingarkostn. í skýrslunni til Marshall og pluggi Browns. Brown segir Bamag störra hús en S+B segja Trail störra hús.

Brown er að bera saman tvo pósta, þegar hann hefur gert „útreikninga“ sína og raðað upp jmsum samanburðarlíðum.

Síðan tekur hann ádeins þann reksturkostnaðarlíð, sem er hærri hjá öðru fyrirtökinu og reiknar út, hvaða upphæð myndi gefa þessa summu af sér í vexti á ári, og bætir henni ofan á þann póstin sem hann vill fá hærri.

Reksturkostnaðarlíðunum, sem eru hærri hjá hinu fyrirtökinu slæppit hann hinsvegar alveg. En eins og sést af útreikningum Singmaster & Breyer (fylgiskjal 5) eru þeir líðir mun hærri

Hvað skyldu endurskoðendur segja um slíka bókförslu?

Getur skekkjan í slíkum samanburði farið fram hjá nokkrum?



Framangreindar ábendingar finnast mér ákaflega eðlilegar fyrir mig sem núverandi ráðunaut verksmiðjustjórnarinnar, þar sem ekki er hægt að ætlast til þess, að verksmiðjustjórnin sé inn í slíkum málum í einstökum atriðum.

En framkvæmdastjóri virðist hvorki hafa haft vilja, dug né þekkingu til þess að setja sig inn í þessi mál og fylgja þeim eftir.

Séu þessi tvö plögg, sem um ræðir í bréfi mínu, borin saman lið fyrir lið, og athugað hvað Marshallstofnuninni var sagt, og svo hvað Áburðarverksmiðjunni er sagt um þessi sömu mál á sama tíma, koma hinir furðulegustu hlutir í ljós.

Ýmsar spurningar vöknudu í huga mér, eins og t.d. þessar :

Hversvegna voru önnur gögn og aðrar upplýsingar um þessi mál lögð fyrir Marshallstofnunina en fyrir stjórn Áburðarverksmiðjunnar ?

Hversvegna var stjórn Áburðarverksmiðjunnar sagt, að það væri hagkvæmast að taka tilboði, sem Marshallstofnuninni var sagt að væri óhagkvæmt svo milljónum skipti miðað við annað, sem í boði var ?

Það eru sögulegar staðreyndir, að erfiðlega gekk að fá þessi kaup samþykkt hjá Marshallstofnuninni, m.a. vegna þess, hve útreikningar og samanburðartaflan, sem Singmaster & Breyer sendu stofnuninni, voru sterk rök á móti kaupunum.

En hversvegna var þá ekki Marshallstofnuninni sendir útreikningar og samanburðartafla Browns til að sannfæra menn þar, úr því það átti að vera rök með kaupunum ?

Hví var skjal Browns bara sent til Íslands og lagt fyrir stjórn Áburðarverksmiðjunnar ?

Ég taldi mér skylt að vekja athygli stjórnar verksmiðjunnar á þessu.

Vilhjálmur Þór lagði bréf mitt fyrir stjórnarfund 25. marz 1959 og stakk upp á því, að bréfið yrði þýtt og sent út til ráðunautsins og verkfræðifirmans, og þau beðin um skýringu, og féllst ég á það.

Síðan leið og beið og ég heyrði ekki meira um málið.

Þann 29. júlí hringdi ég í Vilhjálm Þór og spurði hann um það, hverju Brown og Singmaster & Breyer hefðu svarað bréfi mínu.

Vilhjálmur svaraði því á þá leið, að hann hefði ekki hugmynd um það.

En á stjórnarfundi verksmiðjunnar þann 2. sept. var stjórnarmeð-



limum afhentur bunki af bréfum frá Brown og Singmaster & Breyer, sem borizt höfðu um þetta efni, og eru þau dagsett frá 25. apríl til 30. júní, en þann 29. júlí kvað Vilhjálmur sig ekki hafa hugmynd um hverju hefði verið svarað.

Framkvæmdastjóri leggur svörin við þessu þýðingarmikla máli ekki fram fyrir stjórn verksmiðjunnar fyrr en 2. sept., eða 4 mánuðum eftir að fyrstu svörin berast, og leynir stjórnina tilveru þessara bréfa allan þennan tíma. Hvernig stendur á þessari bið ?

Við lestur þessara tveggja fyrstu bréfa kemur ekkert málefnalegt fram, og því lítið á þeim að græða.

Hvorugur aðili svarar því, hvort þeir ætli að standa við samning sinn eða gera eitthvað til þess enn til að reyna að bæta gæði framleiðslunnar, svo hún verði eins og lofað var.

Hvorugur aðili gerir í þessum tveim fyrstu bréfum neitt til að reyna að skýra eða gefa nokkra ástæðu fyrir hinum tveim ósamhljóða skýrslum, sem nefndar voru í bréfi mínu.

Síðan heyrir ekki meira frá þessum mönnum fyrr en um 1<sup>1</sup>/<sub>2</sub> mánuði síðar, um það leyti, er Hjálmar Finnsson fór á vegum verksmiðjunnar, undir öðru yfirskinu til New York.

Þá koma frá þessum aðilum 4 eða 5 bréf (því eitt er í tvennu lagi), öll dagsett með stuttu millibili, og enn leynir framkvæmdastjóri stjórnina þessum viðbótarbréfum í meira en mánuð.

Öll þessi síðari bréf eru með slíkum endemum, að furðu sætir. Í stað þess að svara fyrirspurninni málefnalega á stuttan hátt, þá eru bréfin full af ofstæki, fúkyrðum og gífuryrðum í minn garð persónulega, og þrungin ósannindum, og efni sumra þeirra á þann hátt, að þau geta vart hafa verið skrifuð án aðstoðar Íslendinga, vel kunnugum málum Áburðarverksmiðjunnar.

Það virðist af bréfum þessum að skilja, að það sé einhver glæpur, er gangi guðlasti næst, að ég skuli benda á, að samningnum um verksmiðjuna hafi ekki verið fullnægt og að hún eða framleiðsla hennar sé ekki eins og hún á að vera og að ég bendi á staðreyndir í þessum málum, og beðið um skýringar á þeim.

Slík reiði og gífuryrði, sem þarna koma fram, dæma sig sjálf.

En benda má á hið íslenska spakmæli: "Sannleikanum verður hver sárreiðastur".



Singmaster & Breyer koma helzt með þá skýringu, að Brown hafi verið svo ókunnugur þessu máli, að hann hafi ekki vitað nóg til þess að gefa rétta skýrslu.

En þótt framkvæmdastjóri hefði ef til vill ekki haft skilning á því að fylgja málum verksmiðjunnar eftir við þessa erlendu aðila, þá hefði mátt búast við því, að nú er ég enn vakti athygli á þessum málum, hefði hann tekið á sig rögg, þar sem hann hvort sem er fór á vegum verksmiðjunnar til New York skömmu seinna.

En ekki er vitað til þess að svo hafi verið.

Hvorki framkvæmdastjóri né formaður fengu mér svarbréf þessara aðila, enda þótt málið snerti mig nokkuð.

Hins vegar hringdi Ingólfur Jónsson í mig samdægurs, er hann hafði litið á bréf þessi, og bauð mér að lána sitt eintak.

Bréfum þessum svaraði ég til stjórnarinnar 14. sept. s.l. og hrakti lið fyrir lið með skjalfestum sönnunum.

Síðan eru því liðnir meira en 4 mánuðir.

Það virðist því liggja ljóst fyrir, að í sambandi við þessi kaup hafa átt sér stað svik, sem kostað hafa verksmiðjuna háar fjárfúlgur.

En þó að svik slík og að framan var greint frá, séu slæm, þá hafði það, að samið var við Brown og Singmaster & Breyer, ýmsar aðrar stóralvarlegar afleiðingar fyrir verksmiðjuna, sem ef til vill er ekki hægt að heimfæra undir svik, en frekar undir ókunnugleika og þekkingarskort, en eru þó einnig á vissan hátt svik, að minnsta kosti svik við að standa við gerða samninga.

Í samningunum við þessa erlendu verkfræðiaðila er því m.a. lofað, að öll tæki verksmiðjunnar og útbúnaður skuli vera af nýjustu og hagkvæmustu gerð. Þá er því einnig lofað, að öll tæki skuli valin þannig, að viðhaldskostnaður þeirra verði sem allra minnstur.

Bæði þessi loforð voru gjörsamlega svikin.

Þetta hvortveggja hefur orðið verksmiðjunni mjög kostnaðarsamt.

Örfá dæmi skulu nú tekin þessu til sönnunar.

Eitt þýðingarmesta tæki Áburðarverksmiðjunnar, svonefndur ammoníakofn eða ammoníakketill, er af úreltri gerð og afar óhentugur. Skal hann tekinn sem dæmi hér. Yfir þessu var kvartað til amerísku verkfræðinganna ásamt mörgum öðrum göllum, í bréfum, er þeim voru skrifuð 15. júní og 16. júlí 1955.



Í bréfinu frá 15. júní segir m. a. :

"Það er enn staðreynd, að tæki virðast vera langt frá því að vera af nýjustu gerð, hvort sem um er að ræða í sumum tilfellum skakka staðsetningu eða í öðrum, að ekki er um nýjustu tegundir tækja að ræða eða þá að skakkar tegundir hafi verið pantaðar, og breyta þurfi um með því að panta réttar tegundir."

Ennfremur segir þar :

"Ræsishitarinn fyrir ammoniakofninn hér notar vatnsefni fyrir eldsneyti. En öll ámóta tæki, sem við höfum getað athugað, eru með rafmagnshiturum. Þetta hefur orsakað alvarlega örðugleika sérstaklega að vetrarlagi. Hér rís enn spurningin um nýjustu gerðir."

Og enn segir :

"Þessháttar atriði eru vissulega ekki til að hjálpa þegar Washington biður okkur um skýringar á hinum mjög svo háa viðhaldskostnaði samanborið við upprunalegar áætlanir, sem þér gerðuð. Verkfræðingarnir, sem teiknuðu og sem reiknuðu út reksturskostnaðinn, verða einnig fyrir barðinu, þegar þeir eru beðnir um að skýra mismuninn milli áætlana sinna og raunverulegrar reynslu af útbúnaðinum, sem þeir hafa teiknað."

Og að lokum segir :

"Gagnslaust er að leitast við að leiða hjá sér beinar staðreyndir, sem blasa við okkur. Einmitt ofangreind atriði sýna vissulega fram á grundvöll verkfræðistarfa fyrir verksmiðju þessa, og við getum ekki skilið, hvernig þau atriði, sem að ofan greinir, geta komið undir ábyrgðarárákvæði "að verksmiðjan verði búin nýjustu gerð tækja og að verklýsingarnar muni ná yfir allt hið nýjasta og bezta, að því er efni og vinnu áhrærir"."

Í bréfinu frá 16. júlí 1955 er meðal annars þessi klausa :

"Óskað er eftir fullkomnum teikningum af rafmagnshitara fyrir ammoniakofninn, sem setja mætti upp í stað gashitarans, sem nú er á staðnum. Án afgangis fyrir okkur."

En þessar teikningar fengust ekki, og síðar segir Brown í bréfi 6. sept. 1957 til verksmiðjunnar, að ástæðan fyrir því að hann hafi ekki látið okkur fá rafhitaðan ammoniakofn hafi verið sú, að hann hafi ekki átt teikningar af honum.



Að lokum vísar hann okkur í bréfi 13. maí 1958 til fyrirtækisins Chemical Construction Corp. og segir: "Yfirleitt held ég að yður myndi bezt að skipta við Chemical Construction með því að þeir hafa mestu hæfileika á þessu sviði og eru eingöngu verkfræðingar."

Nú er sem sagt vísað á það fyrirtæki, sem lengst hafði undirbúið áburðarverksmiðjumálið og íslenzku verkfræðingarnir 3 ráðlögðu í upphafi. Nú var bezt að fá þá til að reyna að endurbæta það, sem miður fór hjá Brown og félögum hans, þegar þeir eru búnir að gefast upp.

Og nú hefur verið samið, samkvæmt ráði Browns, við fyrirtækið Chemical Construction um endurbætur á þessu úreltu tæki.

Teikningarnar af þessu tæki einar, sem Brown gafst upp á að koma með, kosta um kr. 1 milljón og endurbætur á tækinu aðra milljón í viðbót.

Þannig mætti nefna fjölmörg dæmi um hluti, sem miður fóru, en til þess að tefja ekki tímann, skal vikið að þeim hlut, sem ég tel alvarlegastan og bændur landsins hafa orðið mest áþreifanlega varir við, og stafar af göllum á saltpétursdeildinni.

Öllum notendum "Kjarna" áburðarins er kunnugt um, hversu kornastærð hans er smá og hvílkum erfiðleikum það veldur um jafna dreifingu hans. Flestir bændur, sem Áburðarverksmiðjuna hafa heimsótt, hafa kvartað mjög undan þessum galla og spurt, hvort ekki væri hægt að bæta úr honum. Áburðurinn dreifist illa og brennir því oft grasvörðinn, en sé nokkur gola, rýkur hann stjórnlaust. Þá hafa einnig erlendir áburðarsalar kvartað yfir erfiðleikum, sem þeir hafa átt í með íslenska áburðinn.

